

Skýrsla um vettvangsnám í leikskóla, matsviðmið

BS, 10. desember 2012

Verkefni á vettvangi er fólgið í að skoða og greina málörvunarstarf leikskóla og skipuleggja eina málörvunarstund með hópi barna. Miðað er við verkefnislýsingu í námskeiðinu *Málþroska og þróun læsis*, haustið 2012

Frábæra skýrslan (9-10)

Leikskólinn

Gefið er skipulegt, nákvæmt og gott yfirlit um stærð og skipulag leikskólans, deildaskiptingu, fjölda og verkaskiptingu starfsmanna. Verklagi og vinnubrögðum er lýst þannig að lesandi áttar sig á hvernig málörvunarstarfið tengist öðru starfi.

Málörvunarstarf

Gerð er grein fyrir málörvunarstefnu í skólanámskrá og framkvæmd hennar, byggð á viðtölum og eigin athugunum. Lýst er kennslugögnum og útskýrt með dæmum hvernig þau eru notuð.

Höfundur skoðar og greinir samskipti starfsfólks og barna, sín í milli og milli starfsfólks og barna. Fjallað er um hlut málörvunar með gagnrýnum og greinandi hætti og hann metinn með skirskotun til fræðikenninga. Tekin eru lýsandi dæmi úr starfinu sem sýna vel stefnuna í framkvæmd.

Málörvunastund

Markmið og viðfangsefni er vel valið, metnaðarfullt og reynir á hæfni kennara. Skýr mynd er dregin upp af barnahópnum, málþroska þeirra og aðstæðum.

Áætlun um framkvæmd er sannfærandi og rökstudd með hliðsjón af þroska barnanna og öðru starfi skólans. Lýst er námsgögnum og hvernig þau eru notuð til að ná markmiðunum.

Framkvæmd áætlunar er greind niður í atriði. Greint er hvað tókst vel og hvers vegna en ekki síður það sem ekki gekk eins og búist var við og hvers vegna það var. Vel valin dæmi um það sem mestu skiptir í framkvæmdinni að mati höfundar.

Einstök atriði í reynslu eru notuð til að varpa ljósi á kenningar og fræði, stundum á óvæntan eða skemmtilegan hátt.

Umfjöllun mótast af gagnrýninni sýn á viðfangsefnið og greining á því sem vel var gert eða misheppnaðist getur gefið innsýn í hluti sem hafa áhrif á starfið.

Heimildavinna, framsetning og frágangur

Vísað er í heimildir af þekkingu og skilningi til að rökstyðja eigin athuganir og greiningu, og öllum formsatriðum fylgt (Höf., ár, bls.) samkvæmt reglum apa.

Framsetning er mjög markviss og skipuleg svo lesandi þarf aldrei að fletta til baka. Nánast engar endurtekningar.

Málfar auðugt og lifandi, mikill orðaforði og fjölbreytt setningaskipan.

Góða skýrslan (7-8)

Leikskólinn

Gefið er yfirlit um stærð og skipulag leikskólans, deildaskiptingu, fjölda og verkaskiptingu starfsmanna en kannski ekki allt tilgreint sem máli skiptir. Verklagi og vinnubrögðum er lýst almennt og fjallað er um málörvunarstarf skólans.

Málörvunarstarf

Gerð er grein fyrir málörvunarstefnu og framkvæmd hennar. Nefnd eru kennslugögn og útskýrt almennt hvernig þau eru notuð. Lýsing er byggð á viðtölum og eigin athugunum.

Höfundur fjallar almennt um hvernig samskipti starfsfólks og barna eru hugsuð eða eiga að vera að jafnaði. Tengd eru saman fræði og eigin reynsla sem endurspeglar almennan skilning á efninu og þýðingu reynslunnar. Gerir efninu góð skil innan þessa ramma en kemur ekki með neitt sérstakt sem setur reynsluna í óvænt samhengi. Að einhverju leyti er skoðað hvernig stefnan er í framkvæmd en ekki er alltaf ljóst hvort sú lýsing er byggð á skólanámskrá, viðtölum eða eigin athugunum.

Málörvunastund

Markmið og viðfangsefni er vel valið, reynir á hæfni kennara og virðist í samræmi við þroska barnanna og annað starf skólans án þess að það sé rökstutt sérstaklega.

Fjallað er um mikilvægi málörvunarstarfs og ýmsar leiðir til að framkvæma málörvunastund. Umfjöllun er gjarnan endursögn á ráðleggingum bókarinnar eða samantekt á því sem vel er gert, frekar en að greina vanda þeirra barna sem eru í hópnum.

Áætlun um framkvæmd lýsir vel framvindu stundarinnar og hvernig námsgögnin eru notuð.

Lýsing á framkvæmd fylgir áætlun. Greint er hvað tókst vel og hvað ekki gekk eins og búist var við, og hugleitt hvers vegna það var. Tekin eru dæmi sem gefa nokkra hugmynd um hvernig gekk á heildina lítið.

Fram kemur góður skilningur á mikilvægi málörvunar og þekking á heimildum en einstök dæmi eða tilvik eru lítið tekin til umræðu. Notkun hugtaka er því frekar almenns eðlis og þau eru ekki notuð til að skýra eða kryfja dæmin.

Heimildavinna og frágangur

Vísað er í heimildir af þekkingu og skilningi á mikilvægi málörvunar, og öllum formsatriðum fylgt (Höf., ár, bls.) samkvæmt reglum apa. Framkvæmd málörvunar eru augljóslega byggð á ráðleggingum heimilda. Í sumum tilvikum tekur efni heimilda völdin og skyggir á eigin athuganir og greiningu.

Öllum atriðum er til skila haldið en bygging er svolítið laus í reipunum, lesandi getur þurft að leita að ýmsum grunnupplýsingum, t.d. um gerð hóps, fjölda og þroskastig. Sama eða svipað efni endurtekur sig.

Málfar er látaust ritmál, tiltölulega laust við talmálsbrag, málvillur eða ásláttarvillur, en lítil tilraun gerð til að skapa tilþrif í stíl.

Skýrslan sem sleppur (5-6)

Leikskólinn

Gefið er yfirlit um stærð og skipulag leikskólans, deilda-skiptingu, fjölda og verkaskiptingu starfsmanna, en ekki allt tilgreint nákvæmlega. Verklagi og vinnubrögðum er lýst almennt og málörvunarstarf skólans fær svipaða umfjöllun og annað.

Málörvunarstarf

Gerð er grein fyrir mikilvægi málörvunarstefnu og hvaða stefnu er fylgt í skólanum. Fjallað er um nokkur atriði í framkvæmd hennar, nefnd kennslugögn og fjallað almennt um framkvæmd hennar. Upplýsingar virðast fengnar úr skólanámskrá og samtölum en byggjast ekki á eigin athugunum.

Umfjöllun um málörvunarstarf getur falist í að endursegja almennt yfirlit, boðskap eða ráðleggingar um verkefni eða verklag á vettvangi en án þess að tilgreina dæmi um framkvæmd í viðkomandi skóla. Engin gagnrýni eða mat.

Málörvunastund

Markmið og viðfangsefni er viðeigandi en val er ekki rök-stutt með tilliti til hópans, málþroska barnanna og fyrri reynslu. Stundum kemur í ljós að efnið hæfði ekki alls kostar, var of létt eða þungt, eða þá að börnin höfðu oft notað það áður. Ekki er ljóst hvar börnin eru stödd í málörvun eða hver sérkenni hópans eru.

Áætlun um framkvæmd lýsir framvindu stundarinnar og nefnir námsgögn, en óljóst er hvernig ætlunin er að nota þau og hvernig á að vinna að markmiðunum.

Lýsing á framkvæmd áætlunar drepur á nokkur atriði í framkvæmdinni en fylgir ekki eftir gangi stundarinnar. Nefnt er hvað tókst vel og hvað ekki gekk eins og búist var við en sú reynsla er ekki greind frekar né reynt að draga lærdóma af henni. Fá dæmi eru tekin um framkvæmd og þau gefa lesanda ekki mikla innsýn í hvað fór fram eða hvernig gekk.

Fjallað er um mikilvægi málörvunarstarfs, gjarnan endur-sögn á ráðleggingum bókarinnar frekar en að greina vanda þeirra barna sem eru í hópnum og lýsa því sem gert var.

Fram kemur skilningur á mikilvægi málörvunar og þekking á heimildum en einstök dæmi eða tilvik eru lítið tekin til umræðu. Notkun hugtaka er því frekar almenns eðlis og er ekki notuð til að skýra eða kryfja dæmin.

Heimildavinna, framsetning og frágangur

Yfirleitt er sóttur almennur fróðleikur í heimild, fremur en sértækur. Vísað er til heimilda um sumt en allur gangur er á hvort formsatriðum er fylgt (oft vantar bls.). Efni heimilda ræður mestu um framvindu lesmáls.

Fram kemur almennur skilningur á námsefninu en ekki sértæk hugtakþekking og hugtök eru jafnvel rangt notuð eða misskilin. Eigin reynsla er almenns eðlis og er ekki beinlínis tengd eða skýrð á fræðilegan hátt umfram það sem kalla má almenna skynsemi.

Bygging er svolítið laus í reipunum, hlutverk upphafs, miðju og enda er ekki mjög aðgreint, skrifað er án greinaskila og því erfitt að rata í lesmálinu. Upplýsingar vantar um sumt en annað er endurtekið.

Skýrslan er að mestu á ritmáli en með töluverðum talmálseinkennum, málvillur eru nokkrar og stafsetning ekki alltaf rétt.

Skýrslan sem þarf að laga (3-4)

Leikskólinn

Lýst er stærð og skipulagi skóla mjög almennt svo erfitt er að gera sér grein fyrir eðli starfseminnar. Verklagi og vinnubrögðum er lýst almennt og málörvunarstarf skólans fær svipaða umfjöllun og annað.

Málörvunarstarf

Gerð er grein fyrir mikilvægi málörvunar í uppeldi barna og hvaða stefnu er fylgt í skólanum. Upplýsingar virðast fengnar úr skólanámskrá og samtölum en ekki stuðst við beinar athuganir eða greiningu á því sem fyrir augu bar.

Umfjöllun um málörvunarstarf getur falist í að endursegja almennt yfirlit, boðskap eða ráðleggingar um verkefni eða verklag á vettvangi en án þess að tilgreina dæmi um framkvæmd í viðkomandi skóla.

Málörvunastund

Markmið og viðfangsefni er valið af handahófi og ekki rökstutt. Ekki er ljóst hvar börnin eru stödd í málþroska eða hver sérkenni hópans eru. Áætlun um framkvæmd nefnir námsgögn, en óljóst er hvernig ætlunin er að nota þau í tengslum við markmiðin.

Drepið er á nokkur atriði í framkvæmdinni en ekki fylgt eftir gangi stundarinnar. Dæmi um framkvæmdina gefa lesanda ekki mikla innsýn í hvað fór fram eða hvernig gekk.

Umfjöllun endursegir ráðleggingar bókarinnar frekar en að greina vanda þeirra barna sem eru í hópnum og lýsa því sem gert var. Skýringar og greining á viðfangsefninu styðst við almenna skynsemi en ekki fræði.

Heimildavinna, framsetning og frágangur

Efnið tengist efni námskeiðs og sækir að einhverju leyti í eigin reynslu. Tengslin þarna á milli eru þó fremur lausleg. Efnisatriði raðast saman eitt af öðru án þess að mynda rauðan þráð eða samhengi, og í lokin er ekki unnt að draga neinar ályktanir af reynslunni. Málfar er talmálslegt og töluvert um fljótæfnislegar villur í máli og stafsetningu. Lítið er vísað til heimilda þrátt fyrir heimildaskrá í lokin.

Skýrslan sem er móðgun við kennarann og aðra lesendur (1-2)

Fjallað er um leikskóla og ýmsa þætti í starfinu þar, meðal annars er minnst á málörvunarstarf. Frásögn af starfinu er almenns eðlis og ekki sést að höfundur hafi kynnt sér starfið af eigin raun. Höfundur fer sínar eigin leiðir við málörvunarstund en um gagnsemi hennar er ekki fjallað né lagt mat á árangur og eigin vinnubrögð. Höfundur virðist ekki hafa lagt neina vinnu í verk sitt.